


ÍSAFJARÐARHÖFN: - Deiliskipulag. Sindragata 5 og 7



Gildandi skipulag. Mkv. 1/1000 (A3). Samþykkt 27.sept 1995



Tillaga að breytingu. Mkv. 1/1000 (A3). Sept. 2006

ÍSAFJARÐARHÖFN - DEILISKIPULAG 1995

Gildandi skilmálar sem eiga við löörinar Sindragata 5 og 7. og nærra nágrenni þeirra

Pungaumferð.

Aðalskipulag gerir ráð fyrir greiðfærri umferðargötu fyrir þungaflutninga norðanmegin á Eyrinni. Þessi nýja gata mun liggja á uppfyllingu næst sjónum umhverfis Eyrina og tengjast Sindragötu við mágagarð. Flestar umferðargötur á hafnar-svæðinu liggja út frá Sindragötu, þar á meðal Ásgeirsgata, sem er aðaltengingin á milli Sundahafnar og Ásgeirsbakka.

Mágagarður.

Unnið hefur verið að því undanfarin ár að byrgðastöðvar olíufélöganna flyttist frá Mjósundum, þar sem þær eru nú hættulega næri annari starfsemi, yfir á uppfyllingar við Mágagarð. Nýverið hefur verið horfið frá þeim hugmyndum og undirbúningur hafin að flutningi birgðastöðvanna á Suðurtanga. Asfalttankur í eigu Vegagerðar ríkisins hefur verið staðsettur á Mágagarði samkvæmt eldra skipulagi. Áætlað er að allir geymslutanakar verði staðsettir á einu svæði syðst á tanganum.

Mágagarður hefur nú náð fullri lengd og skipulagið gerir einnig ráð fyrir brekkun hans þegar fram líða stundir. Þar fengist um 6000 m² byggingarsvæði. Löndunarbryggjur eru við garðinn og þar verður viðlega björgunar- og löðsbáta. Ágætir framtíðarmöguleikar fyrir ferjubryggju eru við enda garðsins.

Smábáthöfn.

Með því að ný sportbáthöfn verður byggð upp á Torfneshrugg og skemmtibátar flyttast þangað, mun svigrúm aukast fyrir fiskibáta í smábáthöfninni. Bæta þarf annari staurabryggju (flotbryggju) fyrir smábáta við þá sem fyrir er. Í smábátha-fninni fer öll löndun úr smærri bánum fram og þar verður áfram aðsetur löðs- og björgunarbáts.

Blönduð byggð og opinberar byggingar.

Nær báthöfn eru tvær byggingalöðir sem losna þegar olíutankar flyttast á Suðurtanga. Þar er reiknað með 2-3 hæða húsum, þar sem þjónusta og verslun yrði á jarðhæð og íbúðir eða skrifstofur fyrir ofan.

Stærð lóðar við Njarðarsund: 1708 m². Stærð byggingarreits: 345 m².

Stærð lóðar við Mjósund: 2347 m². Stærð byggingarreits: 600 m².

Lóð a mörkum Sindragötu og Njarðarsunds stékkar og verður: 2655 m².

Aðstaða fyrir ferjur.

Ferjur fyrir fótgangandi ferðamenn hafa haft aðsetur í Sundahöfn og Fagranesi í Bátahöfninni. Ferðamönnum hefur farið fjölgandi á svæðinu undanfarin ár og eftispurn eftir ferðapjónustu aukist að sama skapi. Ekkert bendir til annars en að greinin haldi áfram að vaxa á næsu árum. Margt mælir með því að endastöð ferja tengist á einhvern hátt Pollinum og miðbænum, en Mágagarður hefur einnig verið inni í umræðunni sem hentug endastöð. Þar má í framtíðinni byggja upp ferðamiðstöð í tengslum við umferðina um Sundin og með útsýni út eftir firðinum í átt að Ísafjarðardjúpi.

Nýtingarhlutfall og stærðir lóða.

Nýtingarhlutfall fyrir hafnarsvæðið í heild hefur verið ákveðið 0,7.


Leitast hefur verið við að hafa stærðir byggingarreita sem sveigjanlegasta. Eftispurn er eftir lóðum fyrir minni hús, en reynslan sýnir að ef lóðir og byggingarreitir eru ekki aætlaðir hæfilega stórir komast menn í vandræði síðar ef þeir vilja stækka við sig þegar fram í sækir. Mikilvægt er að alhafnpláss sé nægt á lóðum og götur og gatnamót hæfilega rúm fyrir stóra bíla og tæki.

Lýsing á breytingu:

Fyrirhuguð er tengibygging milli húseignanna Sindragötu 5 og Sindragötu 7. Bæði húsin voru upphaflega reist fyrir rækjuvinnslu og frystingu. Eftir að rækjuvinnslu var hætt í húsunum keypti framleiðslufyrirtækið 3x-Stál húseignin Sindragötu 5 til nota fyrir hönnun og framleiðslu á hátækni framleiðslulslausnum fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Húseignin Sindragata 7 var notuð tilmabundið til framleiðslu á tilbúnunum sjávarréttum en er nú í eigu Sundatanga ehf. Framleiðslufyrirtækið 3x-Stál leigir nú hluta húseignarinnar Sindragötu 7 og hefur óskað eftir að byggð verði tengibygging milli hússanna til nota fyrir framleiðslulinu fyrirtækisins. Tengibyggingin tengir saman jarðhædir hússanna Sindragata 5 og Sindragata 7.

Breyting deiliskipulagsins felur í sér að byggingarreitir lóðanna verða sameinaðir og heimilt verði að reisa einnar hæða tengibyggingu milli hússanna. Notkun lóðanna breylist úr fiskvinnslu í fiskvinnslu/iðnaður.


 Lóðarmörk




Deiliskipulagsbreyting þessi sem
auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 26. gr.
skipulags- og byggingarlaga
nr. 73/1997 var samþykkt
í sveitarstjórn þann 21/9 2006

Sveitarstjórn tekur að sér að bæta það tjón
sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir

við breytinguna.


Bærarstjórið
Málum fyrir ós
Gisli Gunnlaugsson

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.
Aðalstræti 26, 400 Ísafjörði.


Gisli Gunnlaugsson tæknifræðingur
3902